


LAXA I LEIRARSVEIT  
Fiskirannsóknir 1986 - 1992

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1993 VMST-V/93007X

Eintak bókasafns

VMST- V/93007X



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vesturlandsdeild

## INNGANGUR

Laxá í Leirársveit á það sammerkt með öðrum íslenskum laxveiðiám að laxgengd og laxveiði í ánni er háð sveiflum sem þó eru minni en þekkist í mörgum öðrum íslenskum laxveiðiám. Sveiflur í laxveiði eru afar óæskilegar frá sjónarhóli veiðiréttareigenda og veiðimanna einkum þegar djúpar lægðir koma í veiðina. Slíkar lægðir geta haft áhrif á verð veiðileyfa og ásókn veiðimanna í viðkomandi veiðiá. Undanfarin ár hafa miklar sveiflur átt sér stað á veiði í Laxá.

Tiltölulega litlar rannsóknir liggja fyrir á lífríki Laxár. Seiðamagn var athugað í Skarðsá 1978 (Teitur Arnlaugsson 1978). Framleiðslusvæði fyrir lax í Laxá og silungsstofn Eyrarvatns voru athugað 1980 (Þórir Dan Jónsson 1981) og enn fremur liggja fyrir upplýsingar um seiðaathuganir 1986 og 1987 (Sigurður Már Einarsson óbirtar upplýsingar).

Hér verður greint frá athugunum árin 1986 - 1992 hvað varðar laxastofn Laxár. Rannsóknirnar haustið 1986 voru hugsaðar sem frumathugun á lífríki vatnasvæðisins með tilliti til útbreiðslu lax, hegðun, seiðamagns og vaxtarskilyrða, en rannsóknirnar 1987 og 1992 sem vöktunarrannsóknir þar sem fylgst var með seiðaástandi vatnakerfisins. Enn fremur verða sveiflur í laxveiði ræddar í tengslum við hugsanlega fiskrækt í vatnakerfinu.

## STADHÆTTIR

Laxá fellur til sjávar í Leirárvog (1. mynd). Ain á uppruna sinn úr þrem vötnum í Svínadal, Geitabergsvatni, Þórisstaðavatni og Eyrarvatni og flokkast bæði sem dragá og með stöðuvatnsuppruna. Fjölmargar ár og lækir falla í vötnin og Laxá. Draghálsá er efsti hluti vatnakerfisins og fellur í efsta vatnið Geitabergsvatn. Ur Geitabergsvatni fellur Þverá stutta vegalengd í Þórisstaðavatn og úr Þóristaðavatni er stuttur ós í Eyrarvatni. Flestir aðrir lækir og ár eiga uppruna sinn úr Skarðsheiðinni. Má þar nefna Landsá sem fellur í Eyrarvatn, Grjótá sem fellur efst í Laxá, Súluá og Skarðsá.

Lax er algengasta og verðmætasta fisktegundin í vatnakerfinu og eingöngu veiddur á stöng. Aðalveiðisvæðið er Laxá

sjálf og árin 1974 - 1991 var meðalveiðin að jafnaði 1044 laxar (Guðni Guðbergsson o.fl. 1991). Mesta laxveiðin á þessu tímabili varð 1988 eða 1887 laxar en minnsta veiðin á þessu tímabili varð 545 laxar 1982 (2. mynd). Lax gengur einnig fram í vötnin þrjú og veiðist aðallega í Selós og Þverá milli vatnanna, en sú veiði er fremur lítil. Hins vegar er talið að mjög mikið magn laxa gangi fram í vötnin, jafnvel í þúsunda tali samkvæmt talningum í Eyrarfossi. Hins vegar veiðist lítið af laxi í vötnunum þar sem laxinn gefur lítil færi á sér. Ennfremur gengur lax í Draghálsá. Vatnasvæði Laxár er því að stærstum hluta fiskgengt og nýtt af laxi. Aður fyrr stöðvaðist laxinn við Eyrarfoss, en fiskvegur var byggður í hann á sjötta áratugnum og fór þá laxinn að ganga fram í vötn. Í Laxá veiðist ennfremur töluvert af sjóbirting.

Auk lax er töluvert af urriða í vötnunum þremur og nær hann oft töluverðri stærð. Bleikjan er hins vegar fjölmennasta fisktegundin í vötnunum, en er mjög smá og litt eftir-sóknarverð af þeim sökum.

#### AÐFERÐIR

Við athuganir á seiðamagni í ánum var notast við rafveiðitæki. Um 200 - 400 m<sup>2</sup> svæði voru veidd einu sinni og fjöldi seiða umreiknaður yfir á 100 m<sup>2</sup> botnflatarmál. Aðeins hluti seiðanna er því veiddur og er algengt að um 30 - 50 % seiðanna veiðist í einni yfirferð. Öll seiði voru síðan lengdarmæld og hreistursýni og kvarnasýni tekin af hluta aflans til aldursákvarðana.

Í vötnunum var notast við 10 -15 mm net sem lögð voru út frá ströndinni. Ennfremur var veitt með rafveiðitæki næst ströndinni og voru þessar tvær veiðiaðferðir nýttar saman til sýnatöku til þess að fá vitneskju um mismunandi stærðir seiða. Rafveiðitæki henta vel þar sem grýtt er við ströndina til að veiða botnlæg seiði, en net eru hentugri til að veiða seiði uppi í vatnsmassanum.

RANNSOKNIR HAUSTIÐ 1986.Niðurstöður

Utbreiðsla laxaseiða var mikil á fiskgenga hluta vatnakerfisins. Þannig nýtist Draghálsa vel til seiðauppeldis og er þar árviss hrygning hjá laxinum. Þéttleikinn var mun meiri á efri veiðistaðnum, þar sem straumur og botngerð var mun hagstæðari en á neðri stöðinni rétt ofan við ós árinna í Geitabergsvatn (Tafla 1).

Einnig hrygnir lax árvisst í Geitabergsá og Þverá þar sem seiði fundust af öllum árgöngum (Tafla 1). Í Kúhallará fundust einungis tveggja ára seiði, en í Landsá sem fellur í Selós hrygnir laxinn neðst í ánni, en eldri seiði finnast ofar í ánni.

Í Laxá var mesti þéttleiki laxaseiða á útfallasvæðinu neðan Eyrarvatns, en hins vegar dró úr þéttleikanum neðar í ánni.

Laxaseiðin nýta einnig stöðuvötnin til uppeldis. Í Eyrarvatni fundust seiði af öllum árgöngum, t.a.m. fundust seiði á fyrsta ári meðfram strandlengjunni norðanmegin vatnsins. Eldri seiði fundust einnig í verulegu magni í rafveiðum og netaveiðum víðar í vatninu (Tafla 2). Í Geitabergsvatni var sama upp á teningnum og varð þar vart við laxaseiði af öllum árgöngum.

Umræður

Þessi athugun staðfestir það að laxinn nýtir vatnasvæði Laxár nær allt til hrygningar - og uppeldis seiða. Búsvæði laxaseiðanna ná bæði til straumvatnsins og stöðuvatnanna, þar sem þau virðast helst að finna meðfram strandlengju vatnanna. Yngri seiði er einkum að finna á grýttum svæðum þar sem þau fá nauðsynlegt skjól, en eldri seiði fara meira upp í vatnsmassann og geta verið sviflæg. Þannig er næsta víst að stöðuvötnin framleiða verulegt magn sjögönguseiða og eru mikilvæg undirstaða laxgengdar á vatnasvæðinu. Allt bendir til að laxinn hrygni á ósasvæðum og útfallasvæðum ána sem falla í og úr vötnin t.d. í Draghálsa, Þverá, Selós og Laxá. Ennfremur nýtir laxinn sér litlar ár eins og Geitabergsá,

Kúhallará og Landsá til hrygningar. Frá þessum hrygningarstöðum er líklegt að seiði á fyrsta ári gangi upp eða niður í vötnin og dveljist þar fram að sjógöngualdri. Svipaðar niðurstöður hafa fengist víðar hérlendis t.d. í Meðalfellsvatni í kjós (Einarsson o.fl. 1990).

Hrygningarsvæðin eru ekki stór en virðast nægja til þess að halda vötnunum í verulegri laxaframleiðslu og vötnin skipta þannig miklu máli fyrir laxgengd í vatnakerfið. Þetta gerist þrátt fyrir samkeppni frá bleikju og urriða sem finnast í miklu magni í vötnunum.

Þessi nýting á vatnasvæðinu endurspeglast í mikilli laxgengd upp í vötnin. Mikil laxgengd hefur verið staðfest með talningu í laxateljara í Eyrarfossi, þótt tölurnar séu fremur ónákvæmar að talið er (Jón Eggertsson, munnlegar upplýsingar). Haustið 1986 voru veiddir 686 laxar í klak á vatnasvæðinu í kjölfar mikils skorts á klakfiski vegna uppgangs fiskeldis og flestir þeirra fengust í netaveiðum í vötnunum. Mikið magn laxa í vötnunum var þannig sannreynt.

Laxá sjálf framleiðir mikið af seiðum, einkum efsti hluti árinna. Þar er útfallasvæði árinna frjósamast og nýtur þar lífræns reks úr Eyrarvatni. Þetta veldur mikilli framleiðslu á bitmýi sem aftur nýtist laxaseiðum sem fæða. Ennfremur er botngerð árinna hagstæð fyrir hrygningu og seiðauppeldi allt frá Eyrarvatni og nokkuð niður fyrir Eyrarfoss (Þórir Dan Jónsson 1981). Þar fyrir neðan verður botn árinna smám saman fíngerðari og lausari í sér sem veldur minnkun á framleiðslu stærri seiða vegna skorts á skjóli fyrir seiðin.

Vöxtur laxaseiðanna bendir til að áin framleiði sjógönguseiðin á 3 - 4 árum.

## RANNSÖKNIR 1987

### Niðurstöður

Athuganir haustið 1987 miðuðu einkum að því að kanna hvernig klak hefði tekist í vatnakerfinu, einkum á efra svæði vatnakerfisins, þar sem klakveiðin 1986 fór fram, en megin hluti laxanna var veiddur í vötnunum og á milli vatnanna.

Veitt var í Draghálsá, Þverá, á norðurströnd Eyrarvatns og við útfall Laxár.

Á veiðistöðum fannst alls staðar klak frá hrygningu haustið 1986. Þannig fannst mikið klak í Draghálsá, vart varð við klak í Þverá og enn fremur fannst verulegt klak efst í Laxá neðan við Eyrarvatn. Þá fundust vörgömul seiði meðfram norðurströnd Eyrarvatns (Tafla 3).

Vöxtur seiðanna var góður (Tafla 4). Í Eyrarvatni og efst í Laxá var meðallengd vörgamalla seiða frá 4,9 - 5,2 sm, en var hins vegar nokkru lakari í Draghálsá.

### Umræður

Þrátt fyrir mikla veiði á klakfiski í á vatnasvæðinu 1986 reyndist magn vörgamalla seiða efst í Laxá, í Eyrarvatni og Draghálsá svipað og í athuguninni haustið 1986 (Tafla 1). Niðurstöður bentu þannig til að ekki hafi verið gengið það mikið á stofninn að nýliðun væri minni en búast mátti við. Mælingar á magni vörgamalla seiða eru ætíð fremur óreiðanlegar sökum smæðar seiðanna en eiga þó að gefa til kynna hvort miklar sveiflur hefðu átt sér stað á milli ára. Enn fremur hafa aðrir þættir áhrif á afkomu seiðanna t.d. árferði og fæðuframboð. Óhætt er hins vegar að segja að magn hrygningarfisks sem eftir varð haustið 1986 hafi verið nægilegt miðað við þessar niðurstöður.

## RANNSÖKNIR HAUSTIÐ 1992

### Niðurstöður

Í Laxá var veitt á 5 stöðum. Niðurstöður sýna (Tafla 5) að hrygning 1991 virðist hafa tekist vel og mikið seiðamagn vörgamalla seiða fannst, sérstaklega efst fyrir neðan Eyrarvatn, en hrygning fannst einnig í verulegu magni neðar í ánni.

Fjöldi eins árs seiða (hrygning 1990) var einnig mikill, sérstaklega neðan við Eyrarvatn og á Eyrarfosseyrunum, en seiðin fundust einnig í eðlilegu magni á öðrum veiðistöðum.

Tveggja ára seiði (hrygning 1989) fundust á öllum

veiðistöðum, utan Hólskvarnar, þar sem búsvæðið er með þeim hætti að skjól vantar fyrir eldri seiði. Athyglisvert var að í Skeifunni þar sem grjótgarðar hafa verið settir í ána á nokkrum stöðum veiddust tveggja ára seiðin nær eingöngu í grjótgördunum þar sem nægilegt skjól er til staðar.

Seiðin voru nokkru minni að meðallengd en í athugunum 1986 og 1987, enda fór athugunin fram um mánuði fyrr en þá.

Ennfremur var veitt í læk frá afrennsli eldistjarna í landi Hlíðarfóts. Bleikja og urriði voru fjölmennust í læknum (Tafla 5), en eins - þriggja ára laxaseiði nýttu einnig þetta búsvæði. Sennilega leita seiðin upp í lækinn úr aðalánni.

Þá var veitt í Skarðsá (Tafla 5) fyrir neðan brúna og fundust þar tveggja og þriggja ára laxaseiði í nokkru magni auk urriða.

### Umræður

Niðurstöður benda til að Laxá sé vel setin seiðum og síðustu árin hafi því mikil hrygning átt sér stað í vatnakerfinu. Þannig fundust mun fleiri seiði í ánni nú heldur en í fyrri athugunum. Allir árgangar voru þannig fjölmennir og nýliðun því nægileg undanfarin ár. Þar sem árlegar rannsóknir liggja ekki fyrir, er hins vegar ekki hægt að álykta hvort miklar breytingar hafi átt sér stað á seiðaframleiðslunni undanfarin ár. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvort vatnakerfið nýtist að fullu til seiðaframleiðslu hverju sinni, þannig að ljóst sé hvort breytingar á laxgengd megi rekja til breytingar á seiðaframleiðslunni. Nýlegar rannsóknir (Þórólfur Antonsson o.fl. 1992) benda hins vegar til að ástand sjávar sé mun meiri sveifluvaldur heldur en framleiðsla ána hverju sinni.

### SVEIFLUR Í LAXGENGD Í LAXA

#### Laxveiði 1946 - 1992

Veiðin í Laxá sveiflast verulega eins og í öðrum vatnakerfum. Árin 1968 - 1978 er veiðin almennt mjög góð á vatnasvæðinu (2. mynd), en 1979 - 1985 kemur veruleg lægð í



veiðina. Veiðin er síðan aftur ágæt árin 1985 - 1990, en slök ár koma svo 1991 og þá sérstaklega 1992.

#### Astæður fyrir sveiflum

Fyrsti þátturinn sem tengist sveiflum í laxgengd er seiðaframleiðsla vatnakerfisins hverju sinni. Framleiðsla vatnakerfisins er háð flatarmáli uppeldissvæða. Seiðin verja sitt ódal gagnvart öðrum seiðum og þannig er eitthvert endanlegt magn sem kemst fyrir í ánni. Framleiðslan innan búsvæðanna er hins vegar breytileg eftir árum, t.d. vegna breytilegrar nýliðunar og áhrifa breytilegra umhverfispáttá. Þá er sú kenning til staðar að ef nýliðun verði of mikil þá geti það haft neikvæð áhrif á seiðaframleiðsluna (Jón Kristjánsson, 1990,1991).

Mælingar á seiðaframleiðslu ána með rafveiðum og með mælingum á fjölda sjógönguseiða með gildruveiði sýna að seiðaframleiðslan sveiflast þrefalt - fjórfalt.

Búsvæðin í Laxá eru einnig afar fjölbreytt og stærsti óvissuþátturinn tengist án efa hvað vötnin eru að framleiðs hverju sinni. Þannig er vitað að í þurrkasumrum geta sjógönguseiðin átt það til að ganga ekki niður úr vötnunum. Þetta skeði t.d. í Meðalfellsvatni 1985 (Einarsson o.fl. 1990).

Þá getur afrán haft áhrif á þann fjölda sjógönguseiða sem kemst til sjávar. Í Laxá er mikið um máva sem án efa taka skerf af seiðaframleiðslunni og fiskiendur eru einnig drjúgar. Slíkt afrán er án efa breytilegt eftir stærð göngunnar hverju sinni og vatnsbúskap.

Einn aðalsveifluvaldurinn í laxgengd er hins vegar skilyrði í sjó. Hitafar, breytingar á straumum og seltu eru þættir sem hafa áhrif á fæðuframleiðslu sjávar. Komið hefur í ljós að afföll í sjó eru mjög breytileg. Þetta hefur sést með merkingum á náttúrulegum sjógönguseiðum og með merkingum á hafbeitarseiðum. Þannig virðast afföll geta verið frá 85-99% á náttúrulegum seiðum í sjó. Lélegur gönguseiðaárgangur getur þannig gefið af sér ágæta veiði og á sama hátt getur lítið komið út úr mikilli gönguseiðaframleiðslu ef sjórinn tekur ekki vel á móti seiðunum.



Niðursveiflan í Laxá 1991 - 1992 er í raun í takt við það sem skeð hefur í laxveiði á þessu landsvæði. Árin 1974-1990 er sterkt samband á milli veiði í Laxá og í Norðurlá Borgarfirði (3. mynd), þannig að ljóst er að veiði í Laxá sýnir mikla fylgni við laxveiði og laxgengd í Borgarfirði og á Myrum. Upptaka neta í Hvítá hefur hins vegar haft jákvæð áhrif á veiði í Borgarfirði árin 1991 og 1992 (Sigurður Már Einarsson 1993, í prentun) meðan að áðrar ár á Vesturlandi hafa staðið í stað eð sýna jafnvel minni veiði en áður á þessu tímabili.

### RADLEGGINGAR

Hér fara á eftir nokkur atriði sem vert er að skoða nánar vegna nýtingar á laxastofni Laxárkerfisins.

#### Athugun á laxgengd

Mikilvægt er að vita hversu mikið laxamagn gengur fram í vötnin í Svínadal. Möguleiki er á talningu í Eyrarfossi og eins og gert hefur verið og ennfremur eru í boði áðrir teljarar.

Ef þúsundir laxa ganga fram í vötn er ljóst að nýting til veiða er slök og er þá íhugunarefni hvort hægt sé að bata þá nýtingu. T.d. væri hægt að hugsa sé tímabundna lokun fram í vötn, flutning á laxi frá Eyrarfossi upp í Draghálsa og selja þar veiði sérstaklega.

Þessar hugmyndir byggja hins vegar á áreiðanlegum upplýsingum um laxgengd á efra svæðið og er málefni framtíðar.

#### Athuganir á veiðistöðum

Nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á veiðistöðum og ennfremur framkvæmdir vegna landbrots. Ariðandi er að glöggar upplýsingar liggi fyrir um veiði í einstökum veiðistöðum aftur í tímann og að allar framkvæmdir við ána fari fram samkvæmt tillögum Veiðimálastofnunar og með samþykki Veiðifélags og landeigenda. Hugsanlega má auka veiði með tilbúnum veiðistöðum og endurbótum á eldri veiðistöðum.

### Uppeldissvæði

Neðri hluti laxár hefur slök búsvæði fyrir eldri seiði vegna fingerðrar botngerðar. Hugsánlega má bæta þessi búsvæði með grjóttflutningum þannig að seiðaframleiðsla aukist. Nánari tillögur og rannsóknir þarf í þessu efni.

### Fiskrækt

Vatnasvæðið er mjög vel nýtt til seiðaframleiðslu. Einu svæðin sem eru ófiskgeng eru ofan foss í Draghálsa. Þar mætti nyta þessi svæði með sleppingu um 5000 sumaralinna seiða. Slíkar sleppingar gefa oft um 0.5-1.0% heimtur í veiði.

Vötnin eru stærsta spurningarmerkið hvað varðar fiskframleiðslu. Forvitnilegt væri að athuga sleppingu 6 - 10 gr seiða að hausti í vötnin og athuga hvort slíkar sleppingar gefa eitthvað af sér í veiði.

Slepping sjógönguseiða er aðferð sem bætir við náttúrulega framleiðslu vatnakerfisins. Heimtur úr slíkum sleppingum eru óáreiðanlegar og eru hér ekki ráðlagðar nema að áframhald verði á lélegri veiði í Laxá.

### Veiðar á sjóbirting

Sjóbirtingur hefur verið veiddur að vorlagi í Laxá þó ekki hin síðari ár og munu vera skiptar skoðanir innan veiðifélagsins hvað sjóbirtingsveiðar varðar.

Sjóbirtingur gengur úr ánum á vorin í apríl til maí og dvelur um 4 mánuði í sjó, en snýr þá aftur í ferskvatn og dvelur þar yfir veturinn, en er aldrei í sjó að vetrarlagi.

Sá fiskur sem verið er að veiða á vorin er tvenns konar. Annars vegar fiskur sem hrygnt hefur haustið áður og er þá horaður og lítt eftirsóknarverður. Hins vegar geldfiskur sem ekki hefur hrygnt og getur hann verið feitur og fallegur um vorið.

Engar upplýsingar eru til um vorveiðina í Laxá, t.d. hvað varðar fiskafjölda og ennfremur er engin skráning til varðandi þau svæði sem sjóbirtingur veiðist á. Á þessum tíma er hoplax einnig á ferðinni, þó hann sé sennilega eitthvað fyrr á ferðinni en sjóbirtingurinn. Fiskifræðilega séð er hentugra að veiða sjóbirtinginn að hausti til eftir að hann

hefur verið við fæðunám í sjó.

Þar sem nær engar skráðar upplýsingar liggja fyrir varðandi þennan veiðiskap, er erfitt að ráðleggja veiðifélaginu í þessum efnum. Ef sjóbirtingsveiði er leyfð er mest áriðandi að skráning veiðinnar sé í lagi hvað varðar tegundir, stærðir fiska og veiðisvæði og að hreistri sé safnað af hluta veiðinnar til að afla upplýsinga um aldur og vöxt fisksins.

#### Frekari rannsóknir

Mælt er með því að framvegis verði vöktunarrannsóknir gerðar á laxastofni Laxár með tilliti til seiðaframleiðslunnar og nýtingu búsvæða.

Þá er eindregið mælt með að örugg talning liggi fyrir á fiskgengd um Eyrarfoss, þannig að upplýsingar fáiast um nýtingu á þeim laxi sem gengur fram ána.

Mælt er með því að hitafar árinna verði reglulega athugað með siritu, þannig að upplýsingar um árferði liggi fyrir hverju sinni.

#### HEIMILDASKRA

- Einarsson S.M, D.H.Mills and V. Jóhannsson 1990. Utilisation of fluvial and lacustrine habitat by anadromous Atlantic salmon (Salmo salar L.), in an icelandic watershed. Fisheries Research, 10 (1990) 53-71. Elsevier Sci. Publ.
- Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Arnason 1991. Laxveiðin 1991. VMST-R/92012. Skýrsla. 19 bls.
- Jón Kristjánsson 1990. (0)virk fiskveiðistjórnun. Sjómanna- blaðið Víkingur. 2-3 tbl. 52 árg.
- Jón Kristjánsson 1991. Stór eða lítill hrygningarstofn? Höfuðverkur fiskveiðistjórnunar. Sjómannablaðið Víkingur 11-12 tbl. 53 árgangur.
- Teitur Arnlaugsson 1978. Seiðakönnun í Skarðsá Leirársveit. VMST-R. Skýrsla 6 bls.
- Þórir Dan Jónsson 1981. Laxá í Leirársveit. VMST-V/Skýrsla 11 bls.

Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson  
1992. Sveiflur í veiði og nýliðun fiskstofna. VMST-  
R/92020. 17 bls.

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða á nokkrum stöðum í vatnakerfi  
Laxár í Leirársveit 13 - 15 september 1986.

<u>Veiðistaður</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>Alls</u>
Draghálsá (1)	21,4	7,1	12,9	1,4	42,8
Draghálsá (2)	-	0,7	0,3	-	1,0
Geitabergsá (1)	5,7	2,9	2,9	-	11,5
Þverá (1)	22,0	6,0	28,0	-	56,0
Þverá (2)	13,0	4,0	4,0	-	21,0
Kúhallará (1)	-	2,0	2,0	-	4,0
Landsá (1)	-	-	2,0	-	2,0
Landsá (2)	13,8	8,8	-	-	22,6
Laxá (1)	52,7	38,3	19,7	-	110,7
Laxá (2)	6,0	42,9	25,0	1,8	75,7
Laxá (3)	16,0	12,0	1,8	-	29,8
Laxá (4)	7,0	42,0	10,0	-	59,0

TAFLA 2

Fjöldi laxaseiða sem veiddist í rafveiðum og netaveiðum  
í Eyrarvatni og Geitabergsvatni 13 - 15 september 1986.

<u>Veiðistaður</u>	<u>Veiðiaðferð</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>Alls</u>
Eyrarvatn (1)	Rafveiði	8	5	-	-	13
	Netaveiði	0	6	4	-	10
	Samtals	8	11	4	-	23
Eyrarvatn (2)	Rafveiði	2	3	-	-	5
Eyrarvatn (3)	Netaveiði	-	3	49	11	63
Geitab.v (1)	Rafveiði	2	2	-	-	4
Geitab.v (2)	Rafveiði	-	-	2	-	2

TAFLA 3

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni yfirferð á 100 m<sup>2</sup>)  
á nokkrum stöðum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 17.09.87

Veiðistaður	Aldurshópar				Alls
	0+	1+	2+	3+	
Draghálsá (1)	41,1	30,4	11,6	0,9	84,0
Þverá (1)	2,0	28,0	10,0	8,0	38,0
Eyrarvatn (1)	18,0	-	-	-	18,0
Eyrarvatn (2)	6,0	-	-	-	6,0
Laxá (1)	28,6	11,4	3,6	-	43,6

TAFLA 4

Meðallengdir laxaseiða á nokkrum veiðistöðum  
á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 17.09.87.

Veiðistaður	0+		1+		2+		3+	
	Ml	n	Ml	n	Ml	n	Ml	n
Draghálsá (1)	4,1	46	7,2	34	9,9	13	13,2	1
Þverá (1)	3,8	1	7,4	13	12,3	5	14,8	4
Eyrarvatn (1)	5,0	9						
Eyrarvatn (2)	4,9	3						
Laxá (1)	5,2	63	9,8	25	15,1	5		

TAFLA 5

Þéttleiki laxfiskaseiða á nokkrum stöðum í vatnakerfi  
Laxár í Leirársveit 18.08.92.

Veidistaður	Laxaseiði eftir aldri					Urr.	Bl.
	0+	1+	2+	3+	Alls		
N. Eyrarvatns	244.8	60.4	6.3	-	311.5	9.4	-
Hringir	8.1	19.5	5.2	-	32.8	1.9	0.5
N. Eyrarfoss	13.9	48.3	26.1	-	88.3	-	-
Skeifan	24.0	13.0	13.0	-	50.0	3.0	-
Hólskvörn	23.9	7.4	-	-	31.3	6.5	-
Hliðarf.lækur	-	1.0	12.0	2.0	15.0	30.0	41.0
Skarðsá	-	-	4.7	3.1	7.1	7.8	-

TAFLA 6


Meðallengdir (sm) laxaseiða og fjöldi (n) á hverjum  
veidistað í Laxá í Leirársveit 18.08.92.

Veidistaður	0+		1+		2+		3+	
	Ml	n	Ml	n	Ml	n	Ml	n
N. Eyrarvatns	3.9	238	7.9	58	11.3	6		
Hringir	3.5	17	6.8	41	9.9	11		
N. Eyrarfoss	3.6	25	6.4	87	8.5	47		
Skeifan	3.6	24	6.0	15	9.2	13		
Hólskvörn	3.5	55	5.9	17				
Hliðarf.lækur			6.6	1	9.6	12	12.6	2
Skarðsá					9.0	3	9.7	2




MYND 1

Kort af vatnasvæði Laxár í Leirársveit.



MYND 2

Laxveiði á stöng í Laxá Leirársveit 1946 - 1992.



## MYND 3

Fylgni laxveiði í Laxá Leirársveit við laxveiði í Norðurá, Borgarfirði.

